

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 227/2015

2017/EES/19/31

frá 25. september 2015

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1088 frá 3. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar tilslakanir á verklausreglum um viðhald loftfara í almannaflogi ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32015 R 1088:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1088 frá 3. júlí 2015. (Stjtíð. ESB L 176, 7.7.2015, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/1088, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 176, 7.7.2015, bls. 4.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.